

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/23/38

frá 30. apríl 2009

um fullvinnslu tæknilegra krafna varðandi lýsingu á eiginleikum úrgangs sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði

(tilkynnt með númeri C(2009) 3013)

(2009/360/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB ⁽¹⁾, einkum e-lið 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/21/EB er kveðið á um lýsingu á eiginleikum úrgangs, sem hluta af áætluninni um meðhöndlun úrgangs, sem rekstraradili í námuíðnaði skal taka saman og lögbæra yfirvaldið skal samþykkja. Í II. viðauka við tilskipunina er kveðið á um skrá yfir tiltekna þætti sem lýsingin á eiginleikum úrgangs skal fela í sér.
- 2) Tilgangurinn með lýsingunni á eiginleikum úrgangs frá námuvinnslu er að fá viðeigandi upplýsingar um úrganginn, sem skal meðhöndla, til að unnt sé að meta og vakta eiginleika hans, hegðun og einkenni og tryggja þannig að hann sé meðhöndlaður við öruggar aðstæður með tilliti til umhverfisins til lengri tíma litið. Enn fremur skal lýsingin á eiginleikum úrgangs frá námuvinnslu auðvelda ákvörðun á valkostum að því er varðar meðhöndlun slíks úrgangs og tengdar ráðstafanir til að draga úr áhættu í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið.
- 3) Safna skal saman nauðsynlegum upplýsingum og gögnum fyrir lýsinguna á eiginleikum úrgangsins frá námuvinnslu á grundvelli fyrirbyggjandi og viðeigandi upplýsinga sem máli skipta eða, ef nauðsyn krefur, með sýnatökum og prófunum. Tryggja skal að upplýsingarnar og gögnin fyrir lýsingu á eiginleikum úrgangs séu viðeigandi, af fullnægjandi gæðum og dæmigerð fyrir úrganginn. Þessar upplýsingar skulu rökstuddar á tilhlýðilegan hátt í áætluninni um meðhöndlun úrgangs að mati lögbæra yfirvaldsins.
- 4) Laga skal nákvæmni upplýsinganna, sem skal safna saman, og tengda þörf fyrir sýnatöku eða prófanir að

tegund úrgangsins, hugsanlegri umhverfisáhættu og viðkomandi úrgangsstöð. Út frá tæknilegu sjónarmiði ætti að vera unnt að samþykkja ítrekunarnálgun til að tryggja viðeigandi lýsingu á eiginleikum úrgangs.

- 5) Út frá tæknilegu sjónarmiði er rétt að úrgangur, sem er skilgreindur sem óvirkur í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/359/EB ⁽²⁾, sé undanþeginn hluta jarðefnafræðilegu prófunarinnar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv.18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ⁽³⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Lýsing á eiginleikum úrgangs

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lýsing á eiginleikum úrgangs, sem rekstraradilar í námuíðnaði skulu annast, sé í samræmi við þessa ákvörðun.
2. Lýsing á eiginleikum úrgangs skal fela í sér eftirfarandi flokka upplýsinga, eins og tilgreint er í viðaukanum:
 - a) bakgrunnsupplýsingar,
 - b) jarðfræðilegan bakgrunn jarðmyndunar sem skal vinna,
 - c) gerð úrgangsins og fyrirhugaða meðhöndlun hans,
 - d) jarðtæknilega hegðun úrgangsins,
 - e) jarðefnafræðilega eiginleika og hegðun úrgangsins.
3. Taka skal tillit til viðmiðananna fyrir skilgreininguna á óvirkum úrgangi, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/359/EB, í því skyni að meta jarðefnafræðilega hegðun úrgangs. Ef úrgangurinn telst vera óvirkur, á grundvelli þessara viðmiðana, skal hann aðeins gangast undir viðeigandi hluta af þeirri jarðefnafræðilegu prófun sem um getur í 5. lið viðaukans.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 11.4.2005, bls. 15

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 46.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

2. gr.

Söfnun upplýsinga og mat á þeim

1. Safna skal þeim upplýsingum og gögnum, sem eru nauðsynleg vegna lýsingarinnar á eiginleikum úrgangs, í þeirri röð sem sett er fram í 2. til 5. mgr.

2. Nota skal fyrirliggjandi rannsóknir og kannanir, þ.m.t. fyrirliggjandi leyfi, jarðfræðilegar kannanir, sambærilega staði, skrár yfir óvirkan úrgang, viðeigandi vottunarkerfi, evrópska staðla eða landsstaðla fyrir samsvarandi efni, sem uppfylla tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í viðaukanum.

3. Meta skal gæði allra upplýsinganna ásamt því hvort þær séu dæmigerðar og skal greina hugsanlegar upplýsingar sem vantar.

4. Ef upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir lýsinguna á eiginleikum úrgangsins, vantar skal gera sýnatökuáætlun í samræmi við staðal EN 14899 og skal taka sýni í samræmi við sýnatökuáætlunina. Sýnatökuáætlanirnar skulu byggjast á upplýsingum sem teljast vera nauðsynlegar, þ.m.t. upplýsingum um:

- a) tilgang gagnasöfnunar,
- b) prófunaráætlun og kröfur vegna sýnatöku,

c) aðstæður við sýnatöku, þ.m.t. sýnataka úr borkjörnum, við yfirborð uppgrafter, af færiband, úr haug, vatnsgryfju eða við aðrar viðeigandi aðstæður,

d) verklagsreglur og fyrirmæli varðandi fjölda sýna, stærð þeirra, þyngd, lýsingu og meðhöndlun.

Meta skal áreiðanleika og gæði niðurstaðna sýnatöku.

5. Meta skal niðurstöðurnar úr ferlinu við gerð lýsingarinnar á eiginleikum. Ef nauðsyn krefur skal safna viðbótarupplýsingum í samræmi við sömu aðferðafræði. Taka skal lokaniðurstöðuna inn í áætlun um meðhöndlun úrgangs.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR VEGNA LÝSINGAR Á EIGINLEIKUM ÚRGANGS

1. **Bakgrunnsupplýsingar**

Endurskoðun og skilningur á almennum bakgrunni og markmiðum námuvinnslnunnar.

Söfnun almennra upplýsinga um:

- starfsemi í tengslum við leit, útdrátt eða vinnslu,
- tegund og lýsingu á útdráttar- og vinnsluaðferðinni sem er notuð,
- eðli ætlaðrar vöru.

2. **Jarðfræðilegur bakgrunnur jarðmyndunar sem skal vinna**

Greining þeirra úrgangseininga sem verða til við nám og vinnslu með því að veita viðeigandi upplýsingar um:

- eðli aðliggjandi bergs, efnafræði þess og steindafræði, þ.m.t. jarðhitaummyndun í bergi sem er auðgað af steindum (e. mineralized) og í rýru bergi (e. barren),
- eðli jarðmyndunar, þ.m.t. berg sem hefur auðgast af steindum eða málmgrýti samofíð bergi (e. rock-bearing mineralisation),
- formgerð málmgrýtis, efnafræði þess og steindafræði, þ.m.t. eðliseiginleikar á borð við eðlismassa, holuhluta (poruhluta), kornastærðardreifingu og vatnsinnihald, sem tekur til vinnslusteinda, afgangsteinda (e. gangue minerals) og nýmyndaðra jarðhitasteinda,
- stærð og lögur jarðmyndunar,
- veðrun og ummyndun við yfirborð (e. supergene alteration) í efnafræðilegu og steindafræðilegu tilliti.

3. **Úrgangurinn og fyrirhuguð meðhöndlun hans**

Lýsing á öllum tegundum úrgangs, sem fellur til við hverja leit, útdrátt og vinnslu, þ.m.t. yfirborðsjarðvegur, úrgangsrýti og úrkast, með því að leggja fram upplýsingar um eftirfarandi þætti:

- uppruna úrgangsins á námuvinnslusvæðinu og ferlið sem myndar úrganginn, s.s. leit, útdráttur, mölun, auðgun,
- magn úrgangsins,
- lýsingu á flutningakerfi úrgangsins,
- lýsingu á efnunum sem skal nota við meðhöndlun,
- flokkun úrgangs samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB (1), þ.m.t. hættulegir eiginleikar,
- tegund viðkomandi úrgangsstöðvar, endanlegt form úrgangsins sem til verður og aðferð við afsetningu úrgangsins í stöðinni.

4. **Jarðtæknileg hegðun úrgangs**

Greining á viðeigandi breytum til að meta eðliseiginleika úrgangsins með tilliti til tegundar úrgangsstöðvar.

Þær breytur sem taka skal tillit til eru: kornastærðarmælingar, sveigjanleiki, eðlismassi og vatnsinnihald, þjöppunarstig, skrufspennuþol og núningshorn, lekt og hlutfall holrúms, þjappanleiki og styrking.

(¹) Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3

5. Jarðefnafræðilegir eiginleikar og hegðun úrgangsins

Lýsing á efnafræðilegum og steindafræðilegum eiginleikum úrgangsins og á öllum aukefnum eða efnaleifum sem eftir eru í úrganginum.

Spá um útskolun efna með tímanum fyrir hverja tegund úrgangs með tilliti til fyrirhugaðrar meðhöndlunar, einkum:

- mat á útskolun málma, oxýmínusjóna og salts með tímanum með útskolunarprófun háð sýrustigi, og/eða gegnumstreymisprófun og/eða losunarprófun háð tíma og/eða öðrum viðeigandi prófunum,
- að því er varðar úrgang sem inniheldur súlfíð skal framkvæma kyrrstöðuprófanir eða hvarfafræðilegar prófanir til að ákvarða myndun súrrar útskolunar og útskolunar á málmum með tímanum.
